

Mosfellsbær
Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 1. október 2020

Tilvísun: 202009060 / 3.1

Efni: Lýsing fyrir gerð aðalskipulags Mosfellsbæjar

Mosfellsbær hefur, með erindi dags. 18. september 2020 óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 7. september 2020, vegna endurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Lýsingin er í kynningu til 23. október 2020.

Um er að ræða endurskoðun á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 en gert er ráð fyrir að meginmarkmið þess verði áfram nýtt til að móta og þróa stefnu aðalskipulagsins.

Á fundi fulltrúa Mosfellsbæjar og Skipulagsstofnunar þann 23. september sl. var farið yfir helstu atriði endurskoðunarinnar, kynningu og samráð og vinnslu gagna í landupplýsingakerfi. Eftirfarandi ábendingar taka mið að því sem þar var rætt en einnig bendir Skipulagsstofnun á önnur atriði til frekari skoðunar við mótun skipulagstillögu og umhverfismat hennar:

Íbúápróun og uppbygging íbúðarhúsnæðis

Ein helsta forsenda mótunar stefnu í aðalskipulagi byggir á áætlun um íbúápróun í sveitarfélaginu. Í lýsingunni er íbúápróun skoðuð út frá forsendum gildandi aðalskipulags og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem fallið er úr gildi. Í tillögu að aðalskipulagi þarf að setja fram íbúaspá fyrir skipulagstímabilið og samhliða því stefnu um hvar og hvernig þörf fyrir íbúðarhúsnæði verði mætt, m.a. tegundir húsnæðis og stærðir íbúða. Þetta þarf að skoða í samræmi við gerð húsnæðis-áætlunar og gera þarf ráð fyrir íbúðarhúsnæði fyrir alla hópa íbúa, þ.m.t. hagkvæmu húsnæði á viðráðanlegu verði.

Ákvörðun um skipulagstímabil aðalskipulagsins hefur áhrif á vinnu við greiningu forsendna og mótun stefnu og því er hagræði í því að ákveða skipulagstímabilið tiltölulega snemma í ferlinu.

Stefna og áætlanir sem hafa áhrif á mótun stefnu í aðalskipulagi

Í lýsingunni eru tilgreindar áætlanir sem verða rýndar m.t.t. áhrifa á stefnu aðalskipulags Mosfellsbæjar eins og segir í kafla 4. Að mati Skipulagsstofnunar vantar að skilgreina betur hvað það er í áætlunum og stefnumörkun stjórnvalda sem þarf að taka upp og útfæra nánar í aðalskipulaginu, t.d. er óljóst hvernig Rammaáætlun tengist aðalskipulagsvinnunni og hvaða markmið eða verkefni í áætlunum á borð við Samgönguáætlun, Kerfisáætlun Landsnet og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna koma til með að hafa áhrif á mótun aðalskipulagsins. Þetta skýrist væntanlega við frekari vinnslu aðalskipulagsins. Skipulagsstofnun vill þó vekja sérstaka athygli á nokkrum þáttum í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og Höfuðborgarsvæðinu 2040 sem ekki er vikið að í lýsingunni.

Viðauki við landsskipulagsstefnu, loftslag, landslag og lýðheilsa

Í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem áformað er að kynna í vetur, verður sett fram stefna og leiðbeiningar fyrir sveitarfélög til að stuðla að og tryggja víðtækar og viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi. Þannig verði skipulagsgerð sveitarfélaga markvisst beitt í tengslum við loftslagsmál. Þrátt fyrir að viðaukinn sé enn í vinnslu hvetur Skipulagsstofnun Mosfellsbæ til að marka stefnu í aðalskipulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Einnig verði mörkuð stefna um aðlögun byggðar og landnotkunar að afleiðingum loftslagsbreytinga eins og kostur er. Þessi atriði tengjast einnig aðgerðaráætlun í loftslagsmálum sem vikið er að í kafla 4.7 í lýsingunni og markmiðum í samgönguáætlun um umhverfislega sjálfbærar samgöngur, kafli 4.5.

Í framangreindum viðauka er einnig sett fram stefna og leiðbeiningar um varðveislu landslagsgæða, viðmið sem taka m.a. til gæða rýma og staðareinkenna og góða hönnun almenningsrýma og gatna. Þetta eru atriði sem vert er að huga að við mótun aðalskipulags. Þá er í viðaukanum sérstök áhersla á að skipulag byggðar stuðli að heilsu og vellíðan, hvetji til göngu- og hjóltreidda og annarra virkra ferðamáta og tryggi möguleika einstaklinga og hópa til að dvelja og stunda hreyfingu utandyra og í snertingu við náttúru.

Skipulagsstofnun hvetur sveitarfélagið til að fylgjast með framvindu þess verkefnis og hafa til hliðsjónar á vinnslutíma aðalskipulagsins.

Höfuðborgarsvæðið 2040

Í lýsingunni er lögð áhersla á Borgarlínu og samgöngumiðaða uppbyggingu á kjarnasvæðum næst henni. Skipulagsstofnun minnir á að með breytingu á svæðisskipulaginu vegna Borgarlínu (2018) voru sett fram ýmis ákvæði um blöndun byggðar og gæði hins byggða umhverfis sem þarf að útfæra í aðalskipulagi. Það á ekki síst við um Blikastaðalandið þar sem felast tækifæri til mikillar uppbyggingar á áhrifasvæði Borgarlínu. Allt miðar þetta í raun að því markmiði að styrkja hugmyndina um 20 mínútna hverfið sem einnig er sett fram í svæðisskipulaginu.

Minnt er á að ákvarða vaxtarmörk byggðar á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við svæðisskipulagið.

Atvinnumál og atvinnuhúsnæði

Í lýsingu kemur fram að við endurskoðunina þurfi að fjalla ítarlega um fjölbreytt atvinnulíf. Í því samhengi er bent á að skoða landnotkun um atvinnusvæði til mismunandi nota og huga jafnframt að áhrifum fjórðu iðnbýltingarinnar á skipulag atvinnusvæða og þörf fyrir þau í ljósi fjarskiptatækni, fjarvinnu og netverslunar. Á síðustu árum hafa komið fram ýmsar hugmyndir um starfsemi í Mosfellsbæ og í einhverjum tilvikum hefur verið hafin skipulagsvinna fyrir slík verkefni. Má þar nefna skemmtigarða (Hrísbrú, Selholt), gagnaver og heilbrigðisstofnun og hótél við Sólvelli. Bent er á að fara þarf yfir þessi mál.

Einnig þarf að skoða hvort og hvers konar uppbygging geti verði heimil á landbúnaðarsvæðum, þ.e. önnur starfsemi en sem tengist beint búskap og landbúnaðarframleiðslu, en sú stefna þarf að byggja á flokkun landbúnaðarlands m.t.t. ræktunar. Þá getur verið tilefni til að taka afstöðu til þess hvort gistipjónusta verði heimil annars staðar en á svæðum fyrir verslun og þjónustu/miðsvæði, svo sem í íbúðarbyggð eða á svæðum fyrir frístundabyggð, og þá með hvaða skilyrðum. Slíkar heimildir þyrfti þó að útfæra nánar í deiliskipulagi.

Bent er á að taka afstöðu til þess hvort vindorkunýting komi til álita í sveitarfélaginu.

Samgöngumál

Samgöngur og umferð eru viðfangsefni aðalskipulagsvinnunnar og fram kemur að skoðuð verði nánari útfærsla þeirrar lausnar að leggja Vesturlandsveg í stökk þar sem hann fer í gegnum miðbæinn. Einnig er minnst á Vesturlandsveg, Þingvallaveg og áhrif Sundabrautar. Bent er á að skoða vel og bera saman mismunandi kosti og tækifæri varðandi útfærslur og tengingu gatna og stígakerfis við byggð og samspil ólíkra ferðamáta í bæjarfélaginu.

Ný Samgönguáætlun 2020-2034 hefur verið samþykkt og einnig liggur fyrir samgöngusáttmáli ríkisins og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Vegir í náttúru Íslands

Við gerð aðalskipulags þarf að flokka vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi, í samræmi við reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018. Vegaskráin nær yfir vegi þar sem vélknúin umferð er heimil og þá þarf einnig, eftir því sem við á, að gera grein fyrir takmörkunum sem gilda varðandi umferð um vegi í mismunandi flokki. Bent er á nýlegar leiðbeiningar um gerð vegaskrár á vef Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is/.

Umhverfisskýrsla


Umfjöllun um hvernig staðið verður að umhverfismati við mótun skipulagstillögu í kafla 5 er fremur almenn og vísað í leiðbeiningar þar um. Minnt er á að hlutverk lýsingar er að upplýsa almenning og aðra hagsmunaðila um áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina, veita upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli og hvernig staðið verði að umhverfismati. Til þess að umhverfismatið nýtist við mótun tillögu þarf að setja fram matslýsingu þar sem gerð er grein fyrir hvernig staðið verði að umhverfismatsvinnunni, á hvaða upplýsingum matið byggir og hvaða gagna þurfi að afla, skilgreina umhverfisþætti og setja fram viðmið. Ef fyrirhugað er að nýta Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem viðmið í matsvinnunni er mikilvægt að skilgreina hvaða heimsmarkmið eiga við þegar kemur að gerð skipulags. Í lýsingunni eru tilgreindir nokkrir þættir sem verða metnir m.t.t. umhverfisáhrifa. Auk þessara þátta og raunhæfra valkosta um þróun byggðar og samganga er bent á að skoða valkosti varðandi flutningslínu raforku (Lyklafellslínu). Eins og áður segir þarf að meta áhrif af stefnu aðalskipulagsins á loftslagsbreytingar og fylgja því mati eftir með vöktun á lykilþáttum.

Skipulagsstofnun mælir með því að matslýsingin verði sett fram með markvissum hætti og nýtt til að undirbyggja mat á áhrifum mismunandi stefnukosta við mótun vinnslutillögu.

Skil á stafrænu formi

Skila þarf samþykktu aðalskipulagi í landupplýsingaformi, auk hefðbundinnar prentaðrar útgáfu, og fer best á því að senda stafræna skrá þegar tillaga kemur til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu svo unnt sé að fara yfir hvort hún uppfylli kröfur um slíkar skrár. Skipulagsstofnun er um þessar mundir að ljúka gerð fitjuskra og leiðbeininga um gerð stafræns skipulags og högun gagna sem verða aðgengilegar á vef stofnunarinnar. Hægt er að óska eftir drögum að fitjuskra ef það dregst að gefa úr leiðbeiningarnar.

Skipulagsstofnun óskar eftir að fá vinnslutillögu aðalskipulags til umsagnar þegar hún liggur fyrir.


Birna Björk Árnadóttir

